

## Svar

### heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Önnu Kolbrúnu Árnadóttur um kostnað við hjúkrunar- og bráðarými.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hver er kostnaður við hjúkrunarrými annars vegar og við bráðarými hins vegar á sólarhring hjá eftirfarandi sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum:*

- a. Landspítalanum,*
- b. Sjúkrahúsinu á Akureyri,*
- c. Heilbrigðisstofnun Vesturlands,*
- d. Heilbrigðisstofnun Vestfjarða,*
- e. Heilbrigðisstofnun Norðurlands,*
- f. Heilbrigðisstofnun Austurlands,*
- g. Heilbrigðisstofnun Suðurlands,*
- h. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja?*

Er svar við fyrirspurn þessari var undirbúið var í upphafi stefnt að því að svörin yrðu samþærileg og samanburðarhæf. Var t.d. gerð sú tillaga að allar stofnanir skyldu miða við heildarkostnað í bókhaldi sem hlutfall af fjölda rýma og að heilbrigðisstofnanir skyldu miða við að sjúkrarými væru bráðarými. Fljótlega kom í ljós að vandkvæðum yrði bundið að samræma svör því að umræddur kostnaður er mismunandi milli stofnana, t.d. vegna mismunandi aðgerða á hverjum stað, enda eðli starfsemi stofnananna ólíkt. Þá er skráning kostnaðar ekki alls staðar eins og ekki alls staðar farið á sama hátt með sameiginlegan kostnað, svo sem lækna- og kostnað. Af þessum ástæðum var farin sú leið að hver stofnun svaraði fyrirspurninni miðað við eigin forsendur. Svör bárust frá öllum stofnunum nema Heilbrigðisstofnun Norðurlands.

#### **Landspítali.**

Sá fyrirvari er gerður að fyrirspurnin er lítt skilgreind. Unnt er að fara margar mismunandi leiðir að því að meta kostnað þann sem spurt er um. Til bráðarýma á Landspítala eru hér talin öll legupláss á legudeildum öðrum en biðdeild á Vífilsstöðum. Ljóst er að kostnaður er mjög breytilegur eftir sjúkdómi hvers og eins sjúklings og eftir því hvers konar deild er um að ræða; t.d. er mikill munur á kostnaði á bráðaöldrunardeild annars vegar og gjörgæsludeild hins vegar svo að dæmi sé tekið. Hér er um meðaltalstölur að ræða. Sömuleiðis er ekki tilgreint í fyrirspurninni hvaða kostnaður skuli vera innifalinn. Hér er farin sú leið að horfa til grunnkostnaðar á deild sem að mestu er án tiltekens meðferðarkostnaðar. Innifalinn er þó lyfjakostnaður og rannsóknarkostnaður en lækna- og kostnaður og meiri háttar meðferðarkostnaður eins og á skurðstofu er undanskilinn. Nánar er vísað til skýringa með töflu.

	<b>Nóv. 2019</b>	<b>2019</b>
1) Fjöldi legudaga, bráðarými		203,506
Fjöldi legudaga, hjúkrunarrými (Vífilsstaðir)		15,721
1) Fjöldi opinna rúma, bráðarými	585	
Fjöldi opinna rúma, hjúkrunarrými (Vífilsstaðir)	42	
1) Fjöldi opinna rúma, ef mönnun væri fyrir hendi, bráðarými	630	
Fjöldi opinna rúma, ef mönnun/fjármagn væri fyrir hendi, hjúkrunarrými	44	
<b>Kostnaður við bráðarými 1)</b>		<b>m.kr</b>
3) Launagjöld		17,739
4) Önnur rekstrargjöld		6,524
<b>Samtals</b>		<b>24,263</b>
<b>Kostnaður á sólarhring við hvert bráðarými 5)</b>		<b>kr.</b>
Miðað við fjölda legudaga		119.225
Miðað við fjölda opinna rúma í nóvember 2019		113.630
<b>Kostnaður við hjúkrunarrými 2)</b>		<b>m.kr</b>
3) Launagjöld		656
4) Önnur rekstrargjöld		168
<b>Samtals</b>		<b>823</b>
<b>Kostnaður við hvert hjúkrunarrými á sólarhring (biðdeild aldraðra á Vífilsstöðum) 5)</b>		<b>kr.</b>
Miðað við fjölda legudaga		52.376
Miðað við fjölda opinna rúma í nóvember 2019		53.712

**Skýringar:**

- 1) Allar legudeildir án biðdeilda á Vífilsstöðum, þ.m.t. aðrar öldrunardeildir, geðdeildir, endurhæfingardeildir og gjörgæsludeildir auk bráðadeilda í lyflækningum og skurðlækningum.
- 2) Biðdeild aldraðra á Vífilsstöðum.
- 3) Bein launagjöld deilda (án lækna-kostnaðar).
- 4) Bein rekstrargjöld á deild, almenn rekstrargjöld og sérgreind vara, lyf, rannsóknarkostnaður og aðkeypt þjónusta, svo sem sjúkraflutningar, túlkar, yfirseta o.fl. Afskriftir tækja og búnaðar á legudeildum. Hlutdeild í rekstri og umsjón húsnæðis.
- 5) Án lækna-kostnaðar, án sérstaks meðferðarkostnaðar, t.d. skurðaðgerða eða speglana, án kostnaðar vegna t.d. sjúkraþjálfunar, sál-gæslu, næringarráðgjafar o.s.frv. Án yfirstjórnunarkostnaðar (þ.m.t. fjármál, mannauðsmál, kennsla og vísindi).

**Sjúkrahúsið á Akureyri.**

Árið 2019 var kostnaður Sjúkrahússins á Akureyri vegna bráðarýma 112.773 kr. á sólarhring. Um er að ræða kostnað vegna skurðlækningadeilda, lyflækningadeilda, barnadeilda og fæðingardeilda.

Kostnaður vegna gjörgæsludeildar er eðli málsins samkvæmt mun hærri og ekki tekinn með. Kostnaður vegna geðdeildar er ekki reiknaður með þar sem starfsemi deildarinnar blandast við göngudeildarstarfsemi og því nokkur vinna að reikna nákvæmlega kostnað þeirra rýma sérstaklega. Þá er Sjúkrahúsið á Akureyri með endurhæfingar- og öldrunarrými að Kristnesi en sú starfsemi er að eðli ólík bráða- og hjúkrunarrýmum og því ekki reiknuð inn í framangreinda tölu.

### Heilbrigðisstofnun Vesturlands.

Kostnaður við bráða- og hjúkrunarrými árið 2019 var eins og að neðan greinir.

	Fjöldi rýma	Kostnaður	Kostn. pr. rými	Pr. dag /365	Skýring	Fjöldi legudaga	Kostn. pr. legudag
<b>Akranes</b>							
Bráðarými Lyflækningadeild	18	409.310.795	22.739.489	62.300		4.784,4	85.551
Bráðarými Handlækningadeild	12	371.579.682	30.964.974	84.836		2.831,6	131.226
Bráðarými Kvennadeild	10	307.000.849	30.700.085	84.110		1.607,9	190.932
Hjúkrunardeild (Biðdeild)	15	183.136.951	12.209.130	33.450		4.784,4	38.278
<b>Hólmavík</b>							
Hjúkrunardeild	9	93.625.792	10.402.866	28.501	Þar af 1 sjúkrarými	2.652,2	35.301
<b>Hvammstangi</b>							
Hjúkrunardeild	17	215.294.102	12.664.359	34.697	Þar af 2 sjúkrarými	5.398,7	39.879
<b>Stykkishólmur</b>							
Bráðarými Legudeild / hjúkrunarrými	7	143.361.593	20.480.228	56.110	Þar af 3 hjúkrunarrými	1.526,7	93.903
<b>Samtals</b>	<b>88</b>	<b>1.723.309.765</b>	<b>19.583.066</b>	<b>53.652</b>		<b>23.585,9</b>	<b>73.065</b>

*Hér er um að ræða beinan rekstrarkostnað viðkomandi deilda, án sameiginlegs kostnaðar s.s. vegna eldhúss, ræstingar og ýmissar stoðeildarþjónustu. Á Akranesi er ýmis göngudeildarþjónusta innifalin í rekstri deildanna.*

### Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.

Helstu forsendur hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða eru þær að heildargjöldum hjúkrunar- og sjúkrasviðs á rekstrarárinu 2019, að teknu tilliti til sértekna, er deilt niður á fjölda bráða- og hjúkrunarrýma. Þá er deilt í árlegan kostnað á rými með 365 dögum.

Rekstraryfirlit 2019	Heilsugæslu- svið	Sjúkrasvið	Hjúkrunar- svið	Samtals
Gjöld að frádr. sértekjum	881.326.609	986.493.355	768.470.540	2.636.290.504
Hjúkrunar- og bráðarými – fjöldi		Bráðarými	Hjúkrunar- rými	Samtals
Eyri – hjúkrunarheimili			30	30
Fæðingardeild		3		3
Berg – hjúkrunarheimili, Bolungarvík			10	10
Bráðadeild (legudeild)		15		15
Legudeild, Patreksfirði		2	11	13
Tjörn – hjúkrunarheimili, Þingeyri			6	6
<b>Fjöldi samtals</b>		<b>20</b>	<b>57</b>	<b>77</b>
Árlegur kostnaður við rými		49.324.668	13.481.939	
Sólarhringskostnaður við rými		135.136	36.937	

### Heilbrigðisstofnun Austurlands.

	Fjöldi hjúkrunarrýma	Fjöldi sjúkrarýma
Neskaupstaður	10	23
Egilsstaðir	32	4
Seyðisfjörður	18	
<b>Samtals</b>	<b>60</b>	<b>27</b>

Kostnaður við bráða- og hjúkrunarrými HSA 2019				
	Fjöldi rýma	Kostnaður	Kostnaður á rými	Kostn. á dag / 365
<b>Neskaupstaður</b>				
Bráðarými	23	757.237.387	32.923.365	90.201
Lyflækningadeild/fæðingardeild/skurð- deild/endurhæfing				
Hjúkrunarheimili	10	116.995.968	11.699.597	32.054
<b>Egilsstaðir</b>				
Hjúkrunarheimili*	36	582.662.611	16.185.073	44.343
<b>Seyðisfjörður</b>				
Hjúkrunarheimili	18	321.004.136	17.833.563	48.859
<b>Samtals</b>	<b>87</b>	<b>1.777.900.102</b>	<b>20.435.633</b>	<b>55.988</b>

\* Þar af 4 sjúkrarými

Í Neskaupstað er um að ræða beinan kostnað bráðarýmis og hjúkrunarheimilis án sameiginlegs kostnaðar, svo sem vegna eldhúss, ræstingar o.fl. Hjúkrunarheimilin á Egilsstöðum og Seyðisfirði eru með öllum kostnaði eins og eldhúsi, ræstingu o.fl.

**Heilbrigðisstofnun Suðurlands.**

Miðað var við heildarkostnað eins og hann er færður í bókhald og miðað var við að sjúkrarými séu bráðarými. Við mat á kostnaði var miðað við kostnaðartölur frá árinu 2018 þar sem enn er greind kostnaðarskipting milli fjárlagaviðfanga 2019. Þegar horft er á sjúkrasvið var ekki tekið tillit til beins kostnaðar bráðadeildar.

- Miðað er við 32 sjúkrarými, 14 í Vestmannaeyjum og 18 á Selfossi. Heildarkostnaður á hvert rými á dag miðað við 365 daga á ári er 96.185 kr.
- Miðað er við 49 hjúkrunarrými, 42 á Selfossi og 7 í Vestmannaeyjum. Heildarkostnaður á hvert rými á dag miðað við 365 daga á ári er 43.308 kr.

**Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.**

Í fyrsta lagi eru engin bráðarými sem slík hjá HSS, en þar er rekin 23 rýma almenn legudeild og slysa- og bráðadeild. Á slysa- og bráðadeild liggja skjólstæðingar að jafnaði ekki inni nema rétt á meðan verið er að sinna þeim. Að lokinni meðferð þar eru skjólstæðingar síðan fluttir til Reykjavíkur ef þeir þurfa á gjörgæsluþjónustu eða annarri bráðaþjónustu að halda eða eru lagðir inn á sjúkradeildina á HSS eða eru sendir heim.

HSS rekur 20 hjúkrunarrými í Víðihlíð í Grindavík. Húsnæðið er að mörgu leyti óhentugt því að það er á tveimur hæðum, sem verður til þess að hafa þarf tvöfalda vakt í húsinu.

Kostnaður við reksturinn á síðasta ári var 353.593.659 kr. og þá er t.d. talinn með hlutur í sameiginlegum kostnaði. Tuttugu rými í 365 daga jafngilda 7.300 legudögum. Kostnaður við rými á sólarhring er 48.437 kr.